



Ábyrgð
Virðing
Traust

Tölvunarfræðingur – kerfisfræðingur – verkfræðingur

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða tölvunarfræðing, kerfisfræðing eða verkfræðing til starfa á heilbrigðisupplýsingasviði. Um er að ræða fullt starf. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

Helstu verkefni

- Þátttaka í uppbyggingu og rekstri gagnagrunna embættisins.
- Vinna við gagnagrunnsforritun og gagnaúrvinnslu, innanhúss og fyrir vefinn.
- Þátttaka í þróun vöruhúsa gagna og rekstur þeirra.
- Forritun smærri innanhússverkefna og veflausna.
- Þátttaka í rekstri hugbúnaðarkerfa almennt í samstarfi við teymisstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði.
- Góð þekking á SQL og Oracle-umhverfi (eða öðrum gagnagrunnum).
- Reynsla í útbreiddu forritunarmáli og notkun þróunartóla (t.d. .NET) æskileg.
- Þekking á vöruhúsatólum og viðskipta-greind, t.d. SAP/BO ETL, IDT og WEBI er kostur.
- Þekking á Linux og Windows umhverfi er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt og í teymi.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi, er lipur í mannlegum samskiptum og reiðubúinn til að starfa í samræmi við gildi embættisins.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs. Sviðið ber m.a. ábyrgð á heilbrigðis-skrám og öðrum gagnagrunnum embættisins og hefur yfirumsjón með upplýsingakerfum þess. Mörg spennandi verkefni sem snúa að þróun upplýsingakerfa embættisins eru á dagskrá.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til skrifstofu Embættis landlæknis eða á netfangið mottaka@landlaeknir.is, merkt starfumsókn.

Umsóknarfrestur er til og með **14. júlí 2016**. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veita Hólmfríður Pálsdóttir (holmfridur.palsdottir@landlaeknir.is) og Sigríður Haraldsdóttir (shara@landlaeknir.is).



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is